

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna.

Auglýsing um bólusótt í Hull o. fl., undirskrifuð af ráðgjafanum fyrir Ísland 21. nóvember 1899 (A. nr. 31, bls. 196—197).

Konungleg auglýsing um að ríkisstjórn skuli falin á hendur ríkisarfa í fjærvist konungs, undirskrifuð af konungi 2. desbr. 1899 (A. nr. 32, bls. 198—199).

Lög um friðun á Hallormsstaðaskógi, undirskrifuð af ríkisarfa í fjærvist konungs 5. desbr. 1899 (A. nr. 33, bls. 200—201).

Lög um breyting á lögum 27. febrúar 1880 um skipun prestakalla, undirskrifuð af ríkisarfa í fjærvist konungs 5. desbr. 1899 (A. nr. 34, bls. 202—203).

Lög um ákvörðun verzlunarlóðarinnar í Ísafjarðarkaupstað, undirskrifuð af ríkisarfa í fjærvist konungs 5. desbr. 1899 (A. nr. 35, bls. 204—205).

Lög um löggilding verzlunarstaðar að Sudureyramölum í Ísafjarðarsýslu, undirskrifuð af ríkisarfa í fjærvist konungs 5. desbr. 1899 (A. nr. 36, bls. 206—207).

Lög um löggilding verzlunarstaðar við Nordurfjörð í Strandasýslu, undirskrifuð af ríkisarfa í fjærvist konungs 5. desbr. 1899 (A. nr. 37, bls. 208—209).

Konungleg auglýsing um að konungur sje kominn heim aptur, undirskrifuð af konungi 30. desbr. 1899 (A. nr. 38, bls. 210—211).

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um synjun konungsstaðfestingar á lagafrumvarpi um burðareyri innanlands undir íslensk blöð og timarit í krossbandi. — Með brjefi, dagsettu 25. október f. á., hafði þjer, herra landshöfðingi, sent hingað lagafrumvarp um burðareyri innanlands undir íslensk blöð og timarit í krossbandi, sem borið hafði verið upp af þingmanna hálfu og samþykkt af síðasta alþingi. Jafnframt því að geta þess, að yður skortí nægilega þekkingu á póstmálum til þess að dæma um nytsemi rádstafana lagafrumvarpsins, hafði þjer tekið það fram, með skirskotun til álits þess, er póstmeistarinn í Reykjavík hefir látið í ljósi um málið, að eptir yðar skoðun sje ekkert unnið við það að gjöra frumvarpið að lögum, enda sjeu ýms ákvæði þess óheppilega orðuð.

Samkvæmi þessum yfirlýsingum og sökum þess, hvernig frumvarpinu sjálfu er háttað, hefir ráðaneytið einnig orðið að telja það efasamt, hvort rjett sje að gjöra það að lögum. Eigi verður samt lögð nein sjerleg áherzla á tekjurýrnun þá, sem frumvarpið að líkindum mundi hafa í för með sjer. Aptur á móti er frumvarpið í heild sinni óneitanlega óljóst og óheppilega orðað, og einkum ákvæðin í 4. gr.; en framkvæmd þessara ákvæða mundi hvorki hafa nokkura þýðingu fyrir hagi landsins nje virðast yfir höfuð varða almenning á þann hátt, að rjett sje fyrir því að leggja slíka byrði á póststjórnina. Auk þess virðast þau atriði, sem frumvarpið ræðir um, þannig lögðu, að aðstoð hlutadeigandi embættismanna hljóti að vera nauðsynleg, þá er skipa á um þau

10 dag febrúarmáaðar 1900.

136 með lögum. Með því að því hefir orðið að leggja sjerstaka áherzlu á það, að
9. desbr. bæði herra landshöfðinginn og póstmestariinn í Reykjavík, sem annars virðist að sumu leyti hafa misskilið efni lagafrumvarpsins, hafa mælt á móti frumvarpinu eins og það nú kemur fyrir, hefir ráðaneytið lagt það til í allraþegnsamlegustum tillögum sínum um málið, að frumvarpinu yrði synjað allrahæstrar staðfestingar; hefir hans hátign konunginum 2. þ. m. allramildilegast þóknast að fallast á tillögu þessa.

Með því að samt virðist í rauninni ástæða til að taka tillit til óska alþingis um ódýrari og hagkvæmari sending íslenzkra blaða og tímarita með póstum, hefir ráðaneytið geymt sjer rjett til þess að sækja á sínum tíma um allrahæst samþykki til þess að leggja fyrir næsta alþingi annað frumvarp í líka stefnu, sem það fer, er hjer er um að ræða.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna ásamt áðurnefndu brjefi yðar og álití póstmeistarans um málið.

Brjef landshöfðingja.

Alþingi, sem saman kom í ár, hefir eptir löglegan undirbúning samþykkt lagafrumvarp það um burðareyri innanlands undir íslenzk blöð og tímarit í krossbandi, sem borði hafði verið upp af þingmanna hálfu, og jeg hjer með leyfi mjer að senda bæði í þeim búningi, er það kom í frá þinginu, og í danskri þýðingu.

Samkvæmt lögum nr. 2, frá 3, janúar 1890, 1. gr., er nú burðareyri undir krossbandssendingar innanlands 3 aurar fyrir hver 10 kvint þ. e. 30 aurar fyrir hvert pund, en eptir lagafrumvarpi því, sem hjer er um að ræða, ætti það að lækka niður í 20 aura fyrir hvert pund; allt það, sem í einu er afhent til flutnings í krossbandi skal vega í einu, og burðareyri greiðist í peningum eptir samanlagðri pundatölu. Auk þess eru í lagafrumvarpinu ýms ákvæði, er miða til þess að varna því, að misbrúkuð verði ívilnun sú, er veitt er blöðum og tímaritum í því, og til þess að gjöra auðveldara eptirlitið með því, að burðareyri sje rjettilega greiddur. Loks eru í 4. gr. ákvæði, sem virðast helzt miða til þess að útvega hagskýrslur um blöð og tímarit, er send eru með póstum, og gjöra þessar skýrslur aðgengilegar fyrir almenning, en mundu einnig, án kostnaðar fyrir útgefendur, koma því til leiðar, að upplýsingar fengjust um hlutfallslega útbreiðslu þessara rita. Með því að mig skortir nægilega þekkingu á póstmálum til þess að geta dæmt um nytsemi ákvæða hins umrædda lagafrumvarps, hefi jeg leitað álits póstmestarans í Reykjavík um málið. og fylgir álit hans hjer með í danskri þýðingu. Með því að það kemur í ljós af álití þessu, að lagafrumvarp þetta, ef það yrði að lögum, mundi orsaka eigi óverulega rýrnun á pósttekjunum, og ýms ákvæði þess, einkum ákvæðin í 4. gr., að minni skoðun eru óheppilega orðuð, álit jeg ekki að mikið mundi unnið með því, að frumvarpið yrði að lögum.

Álit póstmestara, dagsett 18. október 1899.

Í brjefi, dags. 14. þ. m., hafið þjer, hávelborni herra landshöfðingi, beðizt umsagnar minnar um lög þau, sem samþykkt voru á síðasta alþingi, um burðareyri innanlands undir íslenzk blöð og tímarit í krossbandi og sjerstaklega um það, hvort lögin, ef þau öðlast stað-

festing, mundu gjöra póstmönnum nokkurn ljetti í afgreiðslu blaða og tímarita með póstum og hvort þau mundu hafa nokkur veruleg ábrif á tekjur póstsjóðsins af sendingu þeirra.

Hvað þetta síðara atriði snertir, þá er ekki gott að segja um það með fullri vissu, en eptir því sem jeg kemst næst, álit jeg að tekjur póstsjóðs mundu rýrast nokkuð, ef rjettur sá, sem lög þessi heimila, kæmi til notkunar.

Jeg hefi komið að þeirri niðurstöðu, að árið sem leið, 1898, hafi verið send með póstum af innlendum blöðum og tímaritum í krossbandi allt að 14000 pund, en í bögglum um 6000 pund, án þess að jeg vilji hjer fara frekara út í, á hverju sá útreikningur er byggður. Jeg þykist einnig geta sagt með nokkurri vissu, að undir blöð og tímarit í krossbandi hafi sama ár verið borgað að minnsta kosti 4500 kr. og í bögglum um 600 kr. samtals 5100 kr. Ef undir þessi 14000 + 6000 pd. = 20000 pd. hefði verið borgað 20 aura pr. pd.

yrði það alls	4000 —
	Mismunur 1100 kr.

Árið 1898 mundu því að mínu áliti tekjur póstsjóðs hafa rýrnað um rúmar 1000 kr. að minnsta kosti, ef blöð og tímarit hefðu verið flutt eptir því, sem fyrir er mælt í þessum lögum, að því ógleymdu, að kostnaður við að flytja þau 6000 pd. upp í landið, sem þá voru send í bögglum á hafnarstaðina, mundi hafa aukið kostnað við pósthöndir nokkuð. — Ef útgefendur blaða og tímarita gætu, enda þótt þeir öðluðust þennan rjett til að senda þau í krossbandi fyrir 20 aura pd., einnig sent þau í bögglum eins og áður með því að borga að eins 10 aura undir pundið, svo sem framsögumaður virðist hafa gengið út frá í umræðunum í neðri deild, mundu auðvitað tekjur póstsjóðs rýrast enn meir.

Jeg er því í litlum vafa um, að tekjur póstsjóðs hlytu að rýrast um 1000—2000 kr. á ári, og því meir eptir því sem útgáfa blaða og tímarita ykist.

Um hitt atriðið, hvort lög þessi mundu gjöra póstmönnum nokkurn ljetti í afgreiðslu, get eg sagt það, að ef blöð og tímarit gengju með póstum frimerkjalaust, yrði það talsverður hægðarauki fyrir póstmenn á útkomustöðunum, því að það fer ætíð nokkur tími í að ónýta frimerkin á krossbandssendingum og gæta þess, að þær sjeu rjett frimerktar, og sjerstaklega skiptir það eigi litlu, ef útgefendur færu að heimta af pósthjónum, að þeir líndu frimerki á nefndar sendingar, eins og þeir eptir nógildandi ákvæðum geta. En mestan hægðarauka mundi jeg telja það, ef blöð og tímarit, sem send yrðu samkvæmt þessum lögum, væru útilokuð frá að sendast í bögglum með 10 aura gjaldi fyrir pundið, sem bæði verður að bóka í bækur og skrifa á skrár, en það mun vera meir en vafasamt, hvort lögin gjöra það. Ljettir sá, sem þetta mundi gjöra póstmönnum, yrði þó eigi svo mikill, að neitt mætti skerða laun þeirra fyrir það.

Aptur á móti vil jeg taka það fram, að jeg álit það varla mögulegt fyrir mig eða póstmenn á útkomustöðunum að gefa skýrslu þá, sem getur um í 4. gr. laganna, um þunga hvers tölublaðs eða heftis. Útgefendur láta optast búa um fleiri tölublöð í einum krossbandsböggli og stundum vikublöð og mánaðarblöð saman, svo að jeg fæ ekki sjeð, að póstmenn geti á annan hátt gefið nefnda skýrslu, en með því að rífa upp hvern krossbandsböggul og lesa og vega sundur hvert tölublað, en slíkt yrði ókleif fyrirhöfn, eða þá að útgefendur þeir, sem öðlast rjett til að senda krossbandssendingar samkvæmt opt nefndum lögum, yrðu skyldaðir til að búa sjerstaklega um hvert tölublað, en þá býst jeg við, að hagræði það, sem þeir telja sjer við að senda eptir þessum lögum, verði lítið annað en sparnaður í burðargjaldi.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suðuramtinu og Vesturamtinu 137
 um sveitfesti þurfalings. — Eptir móttöku brjefs yðar, herra amtmað. 28. oktbr.